
AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 1358/2011 fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 5.000,- sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 5.000,- sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

2. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Handsömunargjald skv. 11. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

3. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2022 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 8. desember 2022.

Geir Sveinsson, bæjarstjóri

